

## SvAust

Fundur haldinn miðvikudaginn 31. október kl. 13 í sal Austurbrúar á Reyðarfirði.

Mætt voru: Björn Ingimarsson og Jóney Jónsdóttir sem ritar fundargerð. Verkefnastjóri SvAust, Jódís Skúladóttir, sat einnig fundinn. Einar Már Sigurðarson mætti um leið og liður 2 hófst.

1. Fulltrúar Tanna travel, Díana og Sigurbjörn, mættu og farið var yfir stöðu samnings við Vegagerðina sem að öllum líkindum verður framlengdur um 1 ár. Ef það gengur eftir er vilji til að semja við akstursaðila í 1 ár í samræmi við þessa framlengingu. Lagt var til að reyna að ganga frá langtímasamningum á vordögum svo allir hafi þann fyrirvara sem þarf. Það veltur þó á samningum við Vegagerðina. Samstarf við Currón hefur gengið vel hjá Tanna travel og búnaðurinn virkað.
2. Fulltrúi Ís-travel, Ívar, mætti á fundinn og var einnig farið yfir stöðuna með samningsmál við Vegagerðina. Vonast er til að búnaður Currón verði einfaldari, þ.e. símar í hverjum bíl. Rætt um að samtal á milli allra aðila þyrfti að fara fram svo að samfella yrði í ferðum og að almenningsamgöngurnar þróist eins og væntingar hafa staðið til. Mikilvægt að samningar séu til lengri tíma.
3. Verkefnastjóri mun hafa samband við fulltrúa akstursaðila sérleiða til Borgarfjarðar, Seyðisfjarðar og Djúpvogs varðandi framlengingu á samningum.
4. Farið yfir yfirlýsingu frá Vegagerðinni vegna rekstrarhalla 2018 og áframhaldandi samnings. Jóney mun senda bréf vegna þess og fá nánari útskýringu á yfirlýsingunni.
5. Verkefnastjóri sagði frá fundi sínum með Currón 25. október. Nú er komið að því að ákveða hvort eigi að halda áfram. Verkefnastjóri mun hitta fulltrúa Alcoa 8. nóvember vegna Currón.
6. Næsti fundur verður í sal Austurbrúar á Egilsstöðum þriðjudaginn 20. nóvember kl. 9:30.

Fundi slitið kl. 15.

Einar Már Sigurðarson

---

Björn Ingimarsson

---

Jóney Jónsdóttir

---